

Ytra-Fjall

Urriðaveiði

Veiðisvæði Ytra-Fjalls nær frá girðingu, sunnan Laxhólma, rétt norður fyrir Tvíflúðir, sem er neðsti veiðistaðurinn á svæðinu.

Skammt sunnan heimreiðarinnar að Ytra-Fjalli er slóði niður að ánni. Ekið er í gegnum hlið á girðingunni. Slóðinn liggur niður að Vallavaði en þaðan er gengið á veiðistaðina á svæðinu.

Helstu veiðistaðirnir eru í kringum Laxhólmana en hægt er að vaða í þá báða. Þá er hægt að vaða hraunhellurnar niður af hólmunum, í kringum Fornuflúð, alla leið niður á Vallavað.

